

Vinnueftirlitið hefur veitt tveimur fyrirtækjum viðurkenningar vegna fyrirmyndar vinnuverndarstarfs

Leikskólinn Óskaland, Hveragerði.

Á **Leikskólunum** starfa um 25 manns. Fjöldi barna er 84.

Hjá **Leikskólunum** er stöðugt og markvisst unnið að vinnuvernd. Leikskólinn var byggður 2004 og stækkaður 2007. Starfsmenn leikskólans voru með í skipulagi húsnæðisins. Þau fóru og skoðuðu aðra leikskóla á svæðinu. Úr varð langur listi af hlutum sem betur mættu fara og nýttist við hönnunina.

Öryggistrúnaðarmannakerfið og áhættumatið er til fyrirmyndar hjá leikskólanum.

Stólar og borðbúnaður starfsmanna og barna er til mikillar fyrirmyndar. Mikið er gert til að þess að koma í veg fyrir óþarfa líkamlegt álag, t.d. með gólfstólum og fiskistólum.

Mikið er gert til að efla andlega og félagslega líðan starfsmanna, m.a. farið í óvissuferðir, haldnir “líða vel dagar” og þrjónað saman.

Fiskvinnslan Eyraroddi hf. Flateyri

Hjá fiskvinnslunni Eyrarodda hf. á Flateyri vinna um 40 manns. Eyraroddi hf. sérhæfir sig í vinnslu á línu- og handfæraveiddu hráefni og rekur jafnframt beitingarþjónustu. Fyrirtækið fylgir skýrri stefnu í vinnuverndarmálum og hefur lokið gerð áhættumats sem er hluti af öryggis- og heilbrigðisáætlun þess. Áhættumatið var unnið af öryggisverði og öryggistrúnaðarmanni fyrirtækisins með þátttöku allra starfsmanna og í framhaldi af því var ráðist markvisst í úrbætur á áhættuþáttum með góðum árangri.

Á ráðstefnu Vinnueftirlitsins *Áhættumat fyrir alla* tóku fulltrúar fyrirtækjanna á móti viðurkenningum frá Vinnueftirlitinu.

Teitur Einarsson fyrir hönd Eyrarodda, Gunnvör Kolbeinsdóttir og Guðlaug Jónsdóttir frá Óskalandi.



Frá vinstri, Eyjólfur Sæmundsson forstjóri Vinnueftirlitsins, Gísli Rúnar Sveinsson umdæmisstjóri suðurlands, Guðlaug Jónsdóttir og Gunnvör Kolbeinsdóttir frá leikskólanum Óskalandi, Teitur Einarsson frá Eyrarodda, Valgeir R. Hauksson umdæmisstjóri Vestfjarða